



# Klamydía

Klamydía er sjúkdómur sem orsakast af bakteríu og smitast við samfarir um leggöng, við endaparmsmök og munnmök. Klamydía er algengari hjá ungu fólki, þeim sem skipta oft um kynlífsfélaga og meðal þeirra sem nota ekki smökk. Hægt er að smitast endurtekið af klamydíu, þrátt fyrir að hafa fengið meðferð áður og læknað. Klamydíusýking eykur líkur á öðrum alvarlegri sýkingum og því er lögð áhersla á að meðhöndla hana sem fyrst.

## Einkenni klamydíu

Klamydía er oft einkennalaus. Ef einkenni koma fram þá geta karlar fengið sviða við þvaglát, glærgula útfærð úr þvagrás og eymsli í pung. Hjá konum getur komið fram breytt eða aukin útfærð, kvíðverkir eða óþægindi um neðanverðan kvíð, milliblæðingar, blæðing eftir kynlíf og óþægindi við þvaglát. Klamydía í hálsi eða endaparmi er oftast einkennalaus.

## Greining

Ef grunur er um klamydíu er gerð skoðun og sýni tekin til staðfestingar. Konur skila stroksýni frá leggöngum og karlar þvagsýni. Eftir þörfum eru tekin stroksýni frá hálsi og endaparmi. Hægt er að taka stök frá leggöngum/endaparmi sjálfur eða fá hjálp heilbrigðisstarfsmanns. Greiningarprófið er ónákvæmt ef það er blandað blóði og því má kona ekki vera á blæðingum þegar sýnið er tekið. Tvær klukkustundir þurfa að líða frá því pissað er og þar til hægt er að taka þvagsýni. Einungis á að skila 10-15 ml úr fyrstu þvagbunu.

Einstaklingur sem greinist með klamydíu þarf að koma aftur á göngudeild húð- og kynsjúkdóma til að fá meðferð. Þá eru gefin sýklalyf.

## Meðferð

Klamydía er meðhöndluð með sýklalyfinu doxycycline. Tekin er ein tafla tvisvar á dag í sjö daga. Ekki má taka doxycycline ef kona er þunguð eða samhliða meðferð með bóluylfinu isotretinoin. Þá eru notuð önnur lyf. Hafa þarf í huga að doxycycline getur gert húðina viðkvæmari fyrir sólarljósi og því þarf að forðast sólböð og ljósabekki í þrjár vikur frá lokadegi meðferðar.

Vegna smithættu má ekki stunda kynlíf fyrr en þremur dögum eftir að meðferð lýkur og einkenni eru horfin.

## **Smitrakning kynlífsfélaga síðasta árs**

Klamydía er tilkynningaskyldur sjúkdómur og samkvæmt lögum þarf að rekja smitleiðir til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Sá sem greinist með klamydíu þarf að gefa upp auðkennandi upplýsingar um þá sem hann hefur stundað kynlíf með síðustu 12 mánuði vegna þess að þeir gætu líka verið smitaðir.

Allir sem skila sýnum á göngudeild húð- og kynsjúkdóma fá blað með sér heim sem þarf að skila útfylltu þegar meðferð er gefin.

## **Eftirlit eftir meðferð**

Yfirleitt er ekki þörf á endurkomutíma. Í eftirfarandi tilfellum er þó nauðsynlegt er að koma í endurkomu á göngudeild húð- og kynsjúkdóma:

- Ef einkenni ganga ekki yfir.
- Ef lyfin hafa ekki verið tekin rétt.
- Við þungun.
- Ef slæmir fylgikvillar hafa komið fram.

## **Aðferð til að minnka hættu á smiti**

Notkun smokks við kynlíf dregur verulega úr hættu á smiti.

## **Hafa samband**

Hafa má samband við hjúkrunarfræðing á göngudeild húð- og kynsjúkdóma í síma 543 6053. Símatími er alla virka daga klukkan 13-14.